



Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. maí 2012

**Varðar :** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál

Samtök iðnaðarins fagna þeim áfanga sem náðist síðastliðið sumar þegar áfangaskýrsla verkefnisstjórnar annars áfanga rammaáætlunar leit dagsins ljós. Samtökin gagnrýna að í lokaáfanga langrar vegferðar er vinnan færð á pólitískt forræði, í stað þess að fela faglegum vettvangi að ljúka ferlinu. Þingsályktunartillagan sem nú liggur fyrir er unnin innan ráðuneyta en æskilegra er að verkefnisstjórn og hennar niðurstaða ráði för við lokaafgreiðslu málsins. Samtökin gagnrýna enn fremur að einstök verkefni sem unnið hefur verið að lengi með miklum tilkostnaði skuli sett í verndarflokk án rökstuðnings verkefnastjórnar.

Með niðurstöðu annars áfanga rammaáætlunar síðastliðið sumar og gerð þingsályktunartillögu sem hér er til umfjöllunar, verða ákveðin tímamót í ferli sem hófst fyrir meira en áratug síðan. Samtök iðnaðarins hafa ávallt stutt aðferðafræðina sem vinnan byggir á. Samtökin telja farsælt að farið sé skipulega yfir málaflökkinn og niðurstöður séu byggðar á faglegum forsendum. Þannig liggi fyrir afstaða til verndar og nýtingar landsvæða í stórum dráttum áður en farið er að horfa á hvert svæði fyrir sig. Allir sem að málum koma vita þá betur hvar þeir standa við skipulag einstakra kosta. Vonir standa til að vinnubrögð verði faglegri og meiri sátt verði um ákvarðanir sem teknar verða. Skipulag og áætlun er unnin fyrirfram frekar en að brugðist sé við eftir á þegar hugmyndirnar eru settar fram. Ljóst var að niðurstaðan yrði málamiðlun ólíkra sjónarmiða og að engin niðurstaða yrði fullkomlega að allra skapi. En þarna átti þó að fá fram niðurstöðu, sem væri fengin eftir faglega greiningu fjölda fólks og opið ferli.

Nefndir um gerð rammaáætlunar hafa verið að störfum í yfir áratug. Vinnan hefur farið fram í faghópum sem leggja faglegt mat á nokkra þætti sem máli skipta. Vissulega skortir gögn víða og aðferðafræðin er að hluta til búin til eftir því sem málinu vindur fram. Deila má um einstaka atriði en á heildina litið er niðurstaðan fengin á faglegan hátt og rökstuðningur fylgir öllum ákvörðunum. Lokaskrefið í ferlinu er röðun virkjanakosta í nýtingar-, bið-, og verndarflokk.

Það er ekki fyrirskrifað nákvæmlega í lögum nr. 48/2011 hvar vinna verkefnisstjórnar endar og hvar ráðherra tekur við. Nú þegar gengið er í gegnum ferlið í fyrsta sinn er því verið að móta verklagið. Samtökin gagnrýna að flokkun í nýtingar-, bið- og verndarflokk er tekinn út úr faglega ferlinu og sett í pólitískan farveg á vegum ráðuneyta. Í þingsályktunartillögunni er röðun virkjanakosta í

nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk ekki í samræmi við niðurstöðu annars áfanga rammaáætlunar, því kostir sem fá nær sambærilegt mat lenda í ólíkum flokkum. Samtökin gagnrýna þá ákvörðun ráðherra að láta ekki verkefnisstjórn ljúka ferlinu. Það, að pólitískar áherslur eru látnar skipta sköpum í lokahnykk ferlisins rýrir gildi þeirrar vinnu sem fram hefur farið til þessa og býður heim hættunni á að sátt um niðurstöðuna verði lítil. Samtökin hvetja til þess að röðunin í nýtingar-, bið- og verndarflokk, verði unnin á sama hátt og aðrir þættir verkefnisins.

Nokkrir kostir sem eru langt komnir í undirbúningi vegna virkjunar lenda í verndarflokki þó mat verkefnisstjórnar leiði ekki afdráttarlaust til að svæðið fari í verndarflokk. Samtökin telja að taka ætti tillit til stöðu verkefnanna í þessum tilvikum. Verkefnin eru langt komin og mikill kostnaður hefur farið í undirbúning viðkomandi verkefna. Með því að setja þessi verkefni í verndarflokk er í reynd verið að sóa miklum fjármunum enda er allur kostnaður sem fallið hefur til óafturkræfur. Á tímum mikils samdráttar er erfitt að sætta sig við slíkt og að mati samtakanna þarf mjög sterk rök þarf til að styðja þessar ákvarðanir og þær er ekki að finna í niðurstöðu verkefnastjórnar. Væntingar standa til að með tilkomu rammaáætlunar lendi verkefni ekki í þessari stöðu í framtíðinni og því er hér um að ræða atriði sem þarf að horfa til sérstaklega við upphaf þessarar vegferðar.

Rammaáætlun er ætlað að standa um langa framtíð. Mikilvægt er að breið samstaða sé um niðurstöðu vinnunnar. Ef pólitískar áherslur líðandi stundar ná yfirhöndinni er hættu á að niðurstöðan haldi ekki mikið lengur en ríkjandi stjórnvöld. Búast má við að þegar kemur að endurnýjun áætlunarinnar muni stjórnvöld, sem þá eru við völd, nýta sér þetta fordæmi og taka málin í sínar hendur á lokastigum vinnunnar. Sáttin og langtímasýnin sem var megintilgangur rammaáætlunar er í hættu.

Atvinnulífið þrífst best í stöðugleika og kallar eftir framtíðarsýn sem heldur. Í dag eru starfandi nokkrar nefndir á vegum stjórnvalda sem vinna að framtíðat stefnumótun breiðra málaflokka. Mikilvægt er að þessar nefndir séu skipaðar sérfræðingum og þannig að sjónarmið stjórnar og stjórnarandstöðu heyrist. Ef svo er ekki er verið að missa af tækifæri til að setja niður deilur um grundvallarmál og auka líkurnar á því að við verjum næstu árunum í stefnumótun á stefnumótun ofan í stað þess að koma hlutum í framkvæmd.

Virðingarfyllt,



Orri Hauksson, framkvæmdastjóri